

Fundur miðvikud. 25. febrúar 2026 kl. 15.00.

Mættar: Jónína, Arna Margrét, Maggý, Elín, Jóhanna Kristín. Á teams: Helga, Lilja og Guðrún.

1. **Skólareglur.** Jónína rifjar upp fundarefni síðasta fundar. Segir frá að skólareglurnar hafi verið uppfærðar í samræmi við Heillaspor. Vinnan við það hefur gengið vel. Reglurnar verða samræmdar í öllum skólum Vesturbyggðar. Reglurnar verða kynntar kennurum fljótlega og lagðar fyrir fjölskylduráð. Einnig er búið að skrifa aðeins upp viðurlög við brotum á reglum og er það ennþá í vinnslu. Þetta verður svo kynnt foreldrum líka fljótlega.
2. **Framvindu- og stöðumatspróf.** Jónína segir frá því að þessi próf verða lögð fyrir 4. - 10. bekk í mars. Það er gott svigrúm til að taka prófin það er ekki miðað við eina dagsetningu. Þau eru opin í heilan mánuð. Prófin sýna stöðu nemenda og eru gott verkfæri til að fylgjast með framvindu nemenda og grípa inn í ef þess þarf. Prófað verður í stærðfræði og íslensku. Góð þróun hefur verið í Lesferilsprófunum og fengu kennarar gott yfirlit og aðgerðaráætlanir til að vinna með.
3. **Skólaþing.** Haldið verður skólaþing miðvikudaginn 11. mars frá kl. 17 – 19. Það verður opið hús og allir velkomnir. Á þessu skólaþingi verða námsvísar skólans skoðaðir. Skólinn vill fá að heyra hvaða áherslur foreldrar vilja sjá í námsefninu á næsta skólaári. Það verða vinnuborð þar sem fólk getur sest og skoðað námsvísana og komið með hugmyndir eða ábendingar fyrir næsta skólaár. Jónína biður um að við hvetjum fólk til þess að mæta á þetta.
4. Önnur mál.

Fundarritari: Arna Margrét Arnardóttir.

Fundi slitið kl. 15.20.